



## Velkomin í Perluna

Miðstöð útivistar og útináms heldur utan um námsheimsóknir nemenda í **6. og 9. bekk grunnskóla Reykjavíkur** í Perluna skólaárið 2022–2023, fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Markmið heimsóknarinnar er að gefa nemendum tækifæri til að dýpka skilning sinn á samspili manns og náttúru með góðri upplifun og fræðslu á gagnvirkum náttúrusýningum Perlunnar og Náttúruminjasafns Íslands.

### Safnaheimsókn í Perluna 6. og 9. bekkur

Tekið verður á móti nemendahópum 6. og 9. bekkjar á tímabilinu **4. janúar til 1. júní 2023** alla **mánudaga, miðvikudaga og föstudaga**. Heimsóknin verður með talsvert breyttu sniði samanborið við tvö sl. ár. *Kennarar leiða nú hópa sína sjálfir í gegnum sýningar og bera alfarið ábyrgð á þeim í Perlunni innan um aðra sýningargesti*. Starfsmaður í Perlunni tekur á móti hóp við komu í Perluna en fylgir honum ekki eftir eins og áður var. Skólar verða nú sjálfir að koma hópum sínum til og frá Perlu. Ekki er hægt að bjóða nemendum að snæða nesti í Perlunni á heimsóknartíma.

- ✓ **Hámarksfjöldi nemenda: 30 nemendur**
- ✓ **Lágmarksfjöldi kennara: 2 kennarar** auk viðeigandi stuðnings með nemendum
- ✓ **Athugið vel!** Nemendahóp skal skipta í tvo hópa (hámark 15 nemendur) fyrir komu í Perluna. Kennari fylgir hópi sínum í gegnum alla sýningar og gætir þess að hópurinn blandist vel við aðra sýningargesti.

### Tímasetningar, skiptingar og dagskrárliðir eftir árgöngum

6. bekkur kl. 09:30-11:00 - 90 mín		
	Hópur 1	Hópur 2
	15 nemendur + 1 kennari	15 nemendur + 1 kennari
09:30-10:00	Vatnið í náttúru Íslands	Íshellir og jöklar
10:00-10:30	Kraftar náttúrunnar	Vatnið í náttúru Íslands
10:30-11:00	Íshellir og jöklar	Kraftar náttúrunnar

9. bekkur kl. 11:00-12:00 - 60 mín		
	Hópur 1	Hópur 2
	15 nemendur + 1 kennari	15 nemendur + 1 kennari
11:00-11:30	Íshellir og jöklar	Kraftar náttúrunnar & eldgosamyndband
11:30-12:00	Kraftar náttúrunnar & eldgosamyndband	Íshellir og jöklar

Við hvetjum alla til að skrá sig sem fyrst og nýta sér þá frábæru þjónustu og námsmöguleika sem þessi vettvangsferð býður upp á. Frekari upplýsingar og skráning er að finna á:

<https://muu.reykjavik.is/perlan-museum/>

Með kærri kveðju, **Miðstöð útivistar og útináms**